

Ed.

474. Frumvarp

til laga um atkvæðagreiðslu við alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

(Eftir 3. umr. í Nd).

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og eigi geta sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því umdæmi, þar sem þeir standa á kjörskrá, atkvæðasedil samkvæmt reglum þeim, er settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegum kjörseðla, svo og fylgibrjefa þeirra og umslaga, er þar til heyra, á kostnað landssjóðs. Kjörgögn þessi skulu ætíð fást hjá öllum lögreglustjórum og umboðsmönnum þeirra, og hreppstjórum, og skulu að jafnaði vera nægar birgðir af þeim á hverju íslensku skipi.

Eyðublöð undir kjörseðla skulu vera úr haldgóðum hvítum pappir án nokkurrar áletrunar eða einkenna.

Umslögin um þá skulu vera ógagnsæ og hæfilega stór.

Eyðublöð undir fylgibrjefin með kjörseðlunum og vottorð þau, sem heimtuð eru, semur stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því að eins gild, að notaðir sjeu hinir fyrirskipuðu atkvæðaseðlar, umslög og fylgibrjef.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar á atkvæðasedilinn nafn þess þingmannsefnis í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Verði hlutbundnar kosningar lögteknar, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, mega ekki greiða atkvæði fyrr en framboðsfrestur þingmannaefna — eða lista — samkvæmt kosningarlögnum er liðinn, og telst atkvæðið greitt þann dag, er fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðillinn gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal í einrúmi og án þess að nokkur sjái, rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis eða

listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosning er, ef hann vill — á kjörseðilinn, leggja hann því næst inn í þar til gert umslag og lima það aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar fylgibrjefið, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa.

Í fylgibrjefinu skal kjósandinn gefa nákvæmar upplýsingar um nafn sitt, stöðu og heimili í hreppnum eða kaupstaðnum, svo og um þau atvik, er því valda, að hann getur ekki mætt sjálfur á kjörstaðnum til að greiða atkvæði, og skal hann jafnframt staðfesta með drengskaparvottorði, að hann þvingunarlaust, í einrúmi og án þess nokkur maður hafi sjeð, hafi útfyllt kjörseðilinn, lagt hann í umslagið og límt það aftur.

Á fylgibrjefið skal vera ritað vottorð um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfylltur í einrúmi. Vottorð þetta á að vera undirritað af skipstjóra á íslensku skipi ásamt einum manni af skipshöfninni sem tilkvöddum vitundarvotti, ef kjósandi er sjómaður, eða af sýslumanni, umboðsmanni hans, er fæst við skipaafgreiðslu, eða hreppstjóra.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til sýslumanns eða hreppstjóra, þá skal vottorðið gefið af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Þá er vottorðið er gefið af skipstjóra eða þeim, er í hans stað gengur á skipinu, skal geta um atkvæðagreiðsluna í dagbók skipsins; þar skal skýrt frá fullu nafni kjósandans, í hvaða umdæmi hann stendur á kjörskrá og hver hafi verið tilkvaddur sem vitni að undirskrift hans.

Umslagið með kjörseðlinum og fylgibrjefið skal kjósandinn því næst láta í sjerstakt þar til gert umslag, loka því og rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggja atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sinu og kjörumdæmi.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins.

5. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð; skal geta þess við hvert brjef, hvenær tekið hafi verið á móti því og setja á það tilsvarendi tölunúmer.

Skrá þessa ásamt brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin í hendur henni áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána og ska! tölu þeirra getið í kjörbókinni.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin fylgibrjefin, rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo reynist, setja meðkjörstjórnarnir merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða að hann sje búinn að greiða atkvæði eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórnin hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáðið á undan

kjördegi, leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðaseðlinum og fylgibrjefið aftur inn i umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef i umslaginu er annað en fylgibrjefið og eitt umslag, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafa verið notuð þau umslög og eyðublöð, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir þeim reglum við atkvæðagreiðsluna, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þau atkvæðaumslög, sem tekin eru gild, eru því næst lögð i atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru rannsökuð á sama hátt öll i einu, og þau, sem gild eru tekin, lögð i kjörkassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt þessum lögum eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem i kjöri eru i kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar i atkvæðaumslaginu er annað en einn atkvæðaseðill,
3. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðsluna atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir látið gjöra, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er i 3. gr. eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má að sjeu sett, til þess að gjöra hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið: »listabókstafur«, ef ekki verður álitíð, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu á skipinu nægar birgðir af eyðublöðum undir kosningaseðla, og fylgibrjef með tilheyrandi umslögum, og i hibýlum skipshafnarinnar á skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu þeirra manna, er i lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Enn fremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því að eins að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varðar alt að 100 kr sektum, er renna i landssjóð.

9. gr.

Fyrir afhending kjörseðla og vottorð þau, er ræðir um i þessum lögum, greiðast engin gjöld.

10. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningalaganna um kosningar þær, er lögum þessum getur, að því leyti sem þær geta við átt.